

Ritdómur

Trú, von og þjód. Sjálfsmynd og staðleysur eftir Sigurjón Árna Eyjólfsson,
Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag, 2014, 552 bls.

„Kirkjan á að taka þátt í því að móta gildi samfélagsins og leggja fram raunhæf félagsviðmið ... Einn þáttur í þessu er að ljúka upp táknsheimi kristninnar og sýna fram á mikilvægi hans í sjálfsskilningi mannsins og uppbyggingu samfélagsins, ekki síst í vestrænni menningu. Í þessu riti hefur verið að leitast við að gera þetta.“ Þannig kemst dr. Sigurjón Árna Eyjólfsson m.a. að orði í lokaorðum bókar sinnar *Trú, von og þjód. Sjálfsmynd og staðleysur*.

Í þessu viðamikla og áhugaverða riti heldur höfundurinn því fram að ýmsar kunnar hugmyndir um þjód, þjóðríki og þjóðerni megi rekja aftur til táknsheims kristninnar og Biblíunnar en jafnframt leitast hann við að sýna hvernig þær tengjast pólitískum staðleysum. Óhætt er að segja strax að hér sé á ferðinni mikið og vandað rit sem sætir tíðindum á vettvangi guðfræðilegrar umræðu hér á landi. Ritið er þannig skrifað að það á erindi við mun breiðari lesendahóp en guðfræðinga eina.

Sigurjón Árna er einhver afkastamesti guðfræðingur okkar Íslendinga þegar kemur að útgáfu fræðirita. Hann hefur lokið tvöfaldri doktorsgráðu í guðfræði, fyrst frá Háskólanum í Kiel (1991) og síðan frá guðfræðideild Háskóla Íslands (2002). Þá liggja m.a. eftir hann ritin *Guðfræði Marteins Lúthers* (2000), *Kristin siðfræði í sögu og samtíð* (2004), *Ríki og kirkja* (2006) og *Tilvist, trú og tilgangur* (2008). Ég er samt ekki frá því að það rit sem hér liggur fyrir til umsagnar sæti mestum tíðindum og sé jafnvel hans besta rit, efnismikið og vel ígrundað.

Heiti bókarinnar skapar að sjálfsögðu hugrenningatengsl við óð Páls postula til kærleikans úr 1Kor 13 þar sem talað er um trú, von og kærleika. Og það er sannarlega engin tilviljun. Höfundurinn er augljóslega með þann texta í huga og skiptir aðeins út orðinu kærleikur fyrir þjód. Ég held að með þessu vilji hann m.a. sýna og undirstrika að hugtakið þjód sækir mikið til táknsheims Biblíunnar. Það er líka eitt af lofsverðum einkennum þessa rits að höfundurinn vinnur mikið með biblíutexta og telur þá fjarri því bara heyra til liðinni tíð.

Hann sýnir með dæmum að löngum hafi verið vísað til hugmynda um útvalningu og fyrirheitna landið til að styrkja hjálpræðisvissu þjóðarinnar, svo að aðeins séu nefnd tvö miðlæg trúarleg stef úr Biblíunni.

Í ritinu leitast höfundur við að varpa sem skýrustu ljósi á trúarþáttinn í algengum hugmyndum um þjód, þjóðerni og þjóðríki. Hann færir m.a. rök fyrir því að frjálslýnda guðfræðin íslenska hafi verið svar kirkjunnar við þjóðernisstefnunni og hugmyndin um þjóðkirkju verið löguð að þeim nýju þjóðfélagssjónarmiðum sem hún flutti inn í íslenskt samfélag.

Bókin skiptist í fjóra meginhluta, alls 16 kafla, auk inngangs og niðurlags. Í fyrsta hlutanum er gerð grein fyrir því hvernig hugtökin „þjód“ og „þjóðríki“ hafa verið skilgreind til þessa, annars vegar sem hlutlægur veruleiki og hins vegar sem hugmynd. Í öðrum hlutanum er fjallað um samband andlegs og veraldlegs valds í evangelískri-lútherskri

guðfræði. Þriðji hlutinn fjallar um útópíska hugsun og áhrif hennar á stjórnmalavitund. Í fjórða og síðasta hlutanum er gerð grein fyrir hugmyndum íslenskra guðfræðinga á 20. öld um guðsríki, þjóðkirkju og þjóðríki. Þar er leitast við að sýna hvernig kristindómurinn í evangelískri-lútherskri hefð hefur ekki aðeins haft áhrif á það hvernig hlutverk þjóðernisins hefur verið skilgreint, heldur einnig hvernig hann hefur nýst við endurskilgreiningu á því hugtaki.

Margt lofsamlegt má sannarlega um þetta mikla rit dr. Sigurjóns segja. Hann tekur til umfjöllunar viðfangsefni sem eru í deiglu, þ.e. íslenska menningu, þjóðerni og sögu, og skodar af guðfræðilegum sjónarhóli en dregur einnig heimspeki, bókmenntir og sagnfræði með skipulögðum hætti inn í þá umræðu. Það efni á sannarlega erindi við samtíð okkar þar sem margt bendir til að þjóðkirkjan eigi dálítið í vök að verjast. Sigurjón nálgast viðfangsefnið á breiðum grunni og mér finnst það mikill styrkur verksins hve rækilega hann leitar allt aftur til hinna biblíulegu róta, eins og ekki síst kemur fram þar sem ítarlega er fjallað með dæmum úr Nýja testamentinu um samband hins andlega og hins veraldlega valds.

Bókin er vel og skipulega upp byggð, röksemdir almennt sannfærandi og góð og fjölbreytileg dæmi úr íslenskrri og erlendi sögu, einkum guðfræðisögu, tekin til skýringar. Ég hygg að mörgum lesendum muni fara eins og mér að þykja fjórði kaflinn áhugaverðastur þar sem fjallað er á skýran og greinargóðan hátt um hvernig þjóðernishugmyndir móta íslenska guðfræðisögu á 20. öld. Þar eru t.d. trúarleg stef í sögusýn Jóns Aðils og Páls Eggerts Olasonar skoðuð, þ. á m. hvernig Jón Sigurðsson og Jón Arason hafa verið gerðir að fulltrúum þjóðarinnar sem holdgervingar Íslendingans. Í kaflanum kemur einnig fram hvernig hlutverk þjóðkirkjunnar sem farvegur menningar þjóðarinnar var snemma dregið í efa af fulltrúum íslenskra bókmennta, menningarfrömuðum, áhrifamönnum innan háskóla-samfélagsins og af stjórnmalamönnum. Sjálfur segir Sigurjón Árni að innan kirkjunnar hafi það skref ekki enn verið tekið að líta svo á að þjóðkirkjan sé fyrst og fremst hluti íslenskrar menningar. Ég efast raunar um réttmæti þeirrar staðhæfingar hans en fer ekki frekar út í þá sálma. Sigurjón segir að þjóðkirkjan sé í farvegi menningarinnar og eigi þar að miðla sínu.

Eins og fram hefur komið er þetta afar efnismikið rit þar sem m.a. er víða komið við í sögu íslenskrar guðfræðiumræðu. Þar saknar maður þó þess að eins helsta áhrifamanns íslenskrar guðfræði á síðustu áratugum 20. aldar, dr. Þóris Kr. Þórðarsonar prófessors (1924–1995), skuli að engu getið. Ekki er ofmælt að Þórir hafi mótað nokkrar kynslóðir íslenskra guðfræðinga og hafa margir orðið til að vitna um áhrifamátt hans. Þórir var vissulega biblíufræðingur en það einkennir einmitt bók Sigurjóns að hann gefur gaum að því fræðasviði. Auk þess var það megineinkenni á biblíufræði Þóris að hann taldi heimfærslu hins biblíulega boðskapar til samtíma okkar vera eitt það mikilvægasta í allri ritskýringu. Þá afstöðu sína kynnti hann ekki bara í orði heldur einnig í verki og ber þar hæst starf hans í borgarstjórn Reykjavíkur. Er það óumdeilt að hann hafi verið hugmyndafræðingurinn að uppbyggingu Félagsmálastofnunar Reykjavíkur og fékk í þeirri framkvæmd síðar til liðs við sig sinn nánasta samverkamann á sviði guðfræðinnar, dr. Björn Björnsson (1937–2008), sem um langt árabil gegndi einnig prófessorsembætti við guðfræðideild Háskóla Íslands með félagslega siðfræði sem aðalkennslugrein. Björn hefði líka verðskuldað meira rými í þessari bók enda fjallaði hann í ræðu og riti um margt af því sem hér er til umfjöllunar, eins og tveggja ríkja kenninguna. Má þar t.d. nefna hina ágætu doktorsritgerð hans *The Lutheran Doctrine of Marriage in Modern Icelandic Society* (1971) en í þessari ritgerð Björns, sem hann varði við Edinborgarhárskóla, er m.a. að finna gagnrýni á tveggja ríkja kenninguna. Lengi má vitaskuld kalla eftir aukinni umfjöllun en því er ekki að leynd að sr. Heimir Steinsson (1937–

2000) var mjög virkur í guðfræðilegri umræðu um líkt leyti og Björn Björnsson og lagði þar mikið af mörkum sem einnig hefði átt erindi í þessa bók en hann reynist ekki nefndur á nafn frekar en dr. Þórir. Það finnst mér skaði.

Loks vil ég nefna að mér kom nokkuð á óvart að sjá enga umfjöllun um þjóðsönginn okkar sem Matthías Jochumsson (1835–1920) orti út frá 90. Davíðssálmi fyrir þjóðhátíð þá sem var haldin hér á landi sumarið 1874 í tilefni af þúsund ára afmæli Íslandsbyggðar. Þar höfum við gott dæmi um áhrif Biblíunnar í íslenskri menningarsögu sem hefði fallið vel inn í umræðuna í þessari bók og stingur óneitanlega í augu að vanti. Og ekki hefði heldur spillt fyrir að fá dálitla umræðu um Matthías sjálfan sem segja má að hafi verið undanfari frjálslyndu guðfræðinnar hér á landi.

Hitt er þó langtum fyrirferðarmeira sem vel og ítarlega er gert í þessu riti. Hér er um afar metnaðarfullt rit að ræða þar sem í senn er unnið með íslenskan trúar- og þjóðfélagsveruleika í samræðu við aðrar greinar hugvísinda hér á landi og jafnframt byggt á traustum útlendum fræðilegum grunni um hliðstæð efni. Þar ber hæst hina þýsku umræðu enda Sigurjón á heimavelli þar eftir áralanga námsdöl þar í landi og einnig kennslu við Kíelarháskóla.

Niðurstaða höfundar er m.a. sú að trú og nútími eigi samleið. Grunnildi sem vestræn samfélög aðhyllast, eins og umburðarlyndi, jafnrétti, mannhelgi, velferð öllum til handa í félagslegu, efnahagslegu og andlegu tilliti, sem og „helgi“ náttúrunnar, séu trúarlegs eðlis. Þá segir hann að í fjölmeningarsamfélagi nútímans sé mönnum orðið ljóst að ekki sé til hlutlaus staða handan menningarinnar og trúarbragða. Trúarleg sjónarmið verði að komast að ef gildismótum innan samfélagsins eigi að vera skilvirk.

Eins og vonandi er ljóst orðið af þessari ágripskenndu lýsingu þá er hér á ferðinni efnismikið og áhugavert rit sem talar með skýrum hætti inn í málefni líðandi stundar um efni sem eru í deiglu og höfundurinn gerir það á traustum sögulegum grunni um leið og táknefni kristinnar er lokið upp. Það er full ástæða til að mæla með þessari bók fyrir allt áhugafólk um guðfræði, heimspeki, bókmenntir og þjóðfélagsmál, og um leið að óska höfundinum, dr. Sigurjóni Árna Eyjólfssyni, til hamingju með mikið og vel heppnað ritverk.